



## Samráðshópur um Cittaslow á Djúpavogi

2. fundur 12. janúar 2025 kl. 16:15 í Geysi

Dagskrá:

1. Starfsáætlun
2. Önnur mál

Gauti Jóhannesson fulltrúi sveitarstjóra á Djúpavogi stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Mættar: Greta Mjöll Samúelsdóttir, Hugrún Malmquist, Íris Birgisdóttir, Jóhanna Reykjalín, Þorbjörg Sandholt og Þórdís Sigurðardóttir.

---

### 1. Starfsáætlun

Unnið að starfsáætlun til vors með hliðsjón af öðrum viðburðum sem vitað er að eru fyrirhugaðir. Umræður sköpuðust um áherslur og forgangs röðun verkefna. Samþykkt að endanleg starfsáætlun verði samþykkt á næsta fundi.

### 2. Önnur mál

Rætt um möguleg verkefni, kynningarmál o.fl.

Í aðdraganda sameiningar og eftir að hún átti sér stað hefur verið lögð áhersla á að gömlu kjarnarnir í Múlapingi héldu sérkennum sínum. Heimasíða gamla Djúpavogshrepps [www.djupivogur.is](http://www.djupivogur.is) gegndi á sínum tíma mikilvægu samfélagslegu hlutverki og var mikið heimsótt. Samráðshópur um Cittaslow á Djúpavogi leggur til að síðan verði endurvakin með það að markmiði að hún verði aftur vettvangur upplýsingamiðlunar og skemmtunar á svæðinu. Samráðshópurinn beinir því til heimastjórnar að fylgja málinu eftir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:30.

Gauti Jóhannesson, fundarritari.